

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 297/2019****2020/EES/14/25****frá 13. desember 2019****um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/291 frá 19. febrúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-naftýlasetamíð, 1-naftýlediksýru, akrínatrín, asoxýstróbín, flúasífóp-p, flúroxýpýr, imasalíl, kresoxímmetýl, oxýflúorfen, próklóras, próhexadíón, spíroxamín, teflútrín og terbútýlasín ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/324 frá 25. febrúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin bifentrín, karboxín, FEN 560 (einnig kallað grikkjasmári eða duft úr fræjum grikkjasmára), útdráttarleifar úr pipardufti og natríumálsílikat ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/336 frá 27. febrúar 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1141/2010 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar skýrslugjafaraðildarríki til að meta 1-metýlsýklóprópen, famoxadón, mankóseb, metíókarb, metoxýfenósíð, pírimíkarb, pírimífosmetýl og þíaklópríð ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/337 frá 27. febrúar 2019 um samþykki fyrir virka efninu mefentríflúkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/344 frá 28. febrúar 2019 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu etóprófosi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/481 frá 22. mars 2019 um samþykki fyrir virka efninu flútíaníli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁶⁾.
- 7) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 48, 20.2.2019, bls. 17.⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 57, 26.2.2019, bls. 1.⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 60, 28.2.2019, bls. 8.⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 60, 28.2.2019, bls. 12.⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 62, 1.3.2019, bls. 7.⁽⁶⁾ Stjtuð. ESB L 82, 25.3.2019, bls. 19.

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

- „– **32019 R 0291:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/291 frá 19. febrúar 2019 (Stjtið. ESB L 48, 20.2.2019, bls. 17),
- **32019 R 0324:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/324 frá 25. febrúar 2019 (Stjtið. ESB L 57, 26.2.2019, bls. 1),
- **32019 R 0337:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/337 frá 27. febrúar 2019 (Stjtið. ESB L 60, 28.2.2019, bls. 12),
- **32019 R 0344:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/344 frá 28. febrúar 2019 (Stjtið. ESB L 62, 1.3.2019, bls. 7),
- **32019 R 0481:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/481 frá 22. mars 2019 (Stjtið. ESB L 82, 25.3.2019, bls. 19).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13zzzz (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012):

- „– **32019 R 0336:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/336 frá 27. febrúar 2019 (Stjtið. ESB L 60, 28.2.2019, bls. 8).“

3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzt (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/158):

- „13zzzzzzzzzu. **32019 R 0337:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/337 frá 27. febrúar 2019 um samþykki fyrir virka efninu mefentríflúkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 60, 28.2.2019, bls. 12).

- 13zzzzzzzzzv. **32019 R 0344:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/344 frá 28. febrúar 2019 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu etóprófosi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 62, 1.3.2019, bls. 7).

- 13zzzzzzzzzw. **32019 R 0481:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/481 frá 22. mars 2019 um samþykki fyrir virka efninu flútánfli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 82, 25.3.2019, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2019/291, (ESB) 2019/324, (ESB) 2019/336, (ESB) 2019/337, (ESB) 2019/344 og (ESB) 2019/481, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*)

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.